

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornarfjarðar 1998-2018.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornarfjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að fyrirhuguð lega ljósleiðarastrengs Landsnets á Norður- og Austurlandi er skilgreind. Mun ljósleiðarinn liggja frá Lónsheiði, þar sem hann kemur inn í sveitarfélagið að austan, og að aðveitustöð við Dalshraun í Hólalandi í Nesjum í Hornafirði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 19. desember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*